

Mál nr. 246/2004

B

og

Vátryggingafélagið X

vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar og
ökutækjatrýggingar D

Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna tjóns á bifreið.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.12.2004.
2. Niðurstaða tjonanefndar í máli nr. 902/04.
3. Tjónstilkynning, dags. 14.10.2004.
4. Tjónstilkynning/skýrsla vegna ábyrgðartjóns, dags. 27.10.2004.
5. Kostnaðaráætlun vegna viðgerðar.
6. Bréf X, dags. 20.12.2004.
7. Tölvupóstur X frá 10.1.2005.

Málsatvik.

Verktaki við gatnagerðarframkvæmdir fékk vöruflutningabifreið D eigu A til þess að færa til bifreiðina E. Bifreiðin var færð þannig að kaðall var bundinn í þverslá vörulyftu E. Bifreiðinni síðan lyft upp að aftan með lyftikrana vöruflutningabifreiðarinnar og dregin 10-15 metra afturábak. Við þetta skemmdist vörulyftan.

Eigandi E telur sig eiga rétt á að fá skemmdirnar bættar frá eiganda vöruflutningabifreiðarinnar sem notuð var til þess að lyfta og draga E.

Álit.

X, sem tryggja vöruflutningabifreiðina og A hefur keypt frjálsa ábyrgðartryggingu hjá, telja tjónið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A. Tjónið falli undir undantekningarákvæði almennra skilmála um ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur, grein 6.2., sem tjón vegna skemmda á munum sem vátryggður hefur til flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.

Óumdeilt er í málinu, að vöruflutningabifreiðin D var í umrætt sinn notuð til þess að lyfta bifreiðinni E upp að aftan og færa hana til um 10-15 metra. Þar eð bifreiðin var í þetta sinn notuð sem dráttarbifreið til að færa bifreiðina E úr stað er tjón á bifreiðinni sem dregin var bótaskyldt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu dráttarbílsins samkvæmt hlutlægu ábyrgðarreglunni í 1. mgr. 88. grein umferðarlaga nr. 50/1987.

Niðurstaða.

Eigandi E á rétt á skaðabótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu D hjá X.

Reykjavík, 18. janúar 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.